

Skinney-Pinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði

Egilsstaðir, 11.12.2023
UST202301-268/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit 19.10.2023 - Skinney-Pinganes, Höfn í Hornafirði.

Þann 19. október sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverskmiðju Skinneyjar-Pinganes, Höfn í Hornafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á frárennsli verksmiðjunnar árið 2021 höfðu ekki borist rekstraraðila þegar eftirlit ársins 2022 fór fram. Niðurstöðurnar bárust eftirlitsaðila þann 4. október 2022 og er frávikinu því lokað.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Samræma þarf heiti lýsistanka og gæta þess að sömu heiti séu notuð í öllum gögnum.
2. Rekstraraðili er hvattur til að leita leiða til að mæla rennsli í frárennsli verksmiðjunnar.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.18 í starfsleyfi. Í desember árið 2021 mældist of mikil fita í frárennsli verksmiðjunnar.
Sýni sem var tekið úr frárennsli verksmiðjunnar 7.-8. desember 2022 stóðst þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 3.3 og 3.2 í starfsleyfi. Niðurstöðum mælinga sem voru gerðar á efnainnihaldi frárennslis í desember 2022 var ekki skilað fyrir 1. maí 2023. *Niðurstöðunum var skilað þann 19. október 2023 og er frávikinu því lokað.*
3. Gr. 16 í efnalögum nr. 61/2013. Efnageymsla og þró sem er tengd henni, uppfylla ekki kröfur sem eru gerðar í efnalögum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki nr. 3 hér að framan, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. janúar 2024.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson
sérfræðingur